



# Tannlæknafélag Íslands

Fréttabréf 2. tbl. febrúar 2010

## Félagsfundarboð

### Félagsfundur verður haldinn í Tannlæknafélagi Íslands

í félagsheimili TFÍ að Síðumúla 35, fimmtudaginn 18. febrúar 2010

Dagskrá félagsfundar hefst kl. 18.00

Góðir gestir frá Lýðheilsustöð koma á fundinn og kynna rannsóknir og verkefni.

Jón Óskar Guðlaugsson verkefnisstjóri á rannsókn- og þróunarsviði  
kynnir rannsóknina "Samband menntunar og munnheilsu"

og Viðar Jensson verkefnisstjóri Tóbaksvarna  
ræðir um munntóbak og tannheilsu.

Kl. 19.00

Glæsilegur matseðill með örlitlu Þorraívafi í tilefni af Þorralokum  
frá Eldhúsi sælkerans verður framborinn kl. 19.00

**Nauðsynlegt er að skrá sig í matinn til að geta áætlað veisluföng.  
sendi tölvupóst eða hringið.**

Kl. 20.00

Hefðbundin félagsdagskrá.

## Um gildi rannsókna

Fræg er sú saga af tannlæknanema nokkrum sem talaði út frá sinni klínísku reynslu á meðan hann var enn í námi. Staðreyndin er sú að flestir tannlæknar byggja klínísk vinnubrögð sín einmitt á slíkum grunni. Eitthvað lærðum við jú í kennslubókunum, en upplýsingar úr þeim eru oftast nær byggðar á þeim rannsóknum sem framkvæmdar hafa verið á viðfangsefninu. En rannsóknirnar eru misjafnar að gæðum. Kennslubókarkafar innihalda yfirleitt ekki upplýsingar um hvers kyns rannsóknir er að ræða og flest okkar erum of löt til að fletta upp og lesa hverja þá rannsókn sem vísað er til í lok kaflans. Ef tími skyldi þó gefast til, hvernig á að bera saman mismunandi rannsóknir og gæði þeirra?

Svokallaður level of evidence eða gildi rannsókna hefur verið metið með eftirfarandi hætti:

1. Systematic review- meta-analysis
2. Randomized controlled clinical trial
3. Controlled clinical trials
4. Cross-sectional studies
5. Prospective cohort studies
6. Retrospective cohort studies
7. Case series retrospective
8. Case reports
9. Expert 's opinion

Mesta vægi í rannsóknum hafa þær rannsóknir sem eru efstar eru í röðinni. Til upplýsingar má nefna að MUNNÍS rannsóknin telst á fjórða stigi eða cross-sectional study. Afskaplega vönduð rannsókn með marga þátttakendur og hefur nú verið samþykkt til birtingar í ritrýnda tannlæknafræðiritinu Community Dentistry and Oral Epidemiology.

Eins og allir skynsamir menn vita, þá geta sérfræðingar haft skoðanir sem eru ekki endilega réttar. Það teljast engin vísindi. Það er það sem kallast expert 's opinion. Slíkt henti tannlæknafræðingum forðum daga og varð honum

eilíflega til minnkunar. Þó fyrirgefst ungum, óreyndum nema slíkt, enda skammt kominn á þroskabrautinni.



Næm augu tannlækna finna holu í fjalli.

### **Tannlæknar finna hólur í frítíma.**

Síðastliðið sumar vorum við starfsfélagarnir á ferð um Vestfirði ásamt fjölskyldum okkar. En eins og góðra tannlækna er siður fundum við hólur, en í þetta skiptið var það ekki í tönn heldur í fjalli. Þessi hola sást aðeins úr fjarlægð eða hinum megin við fjörðinn. Var ákveðið að láta þessa hólur ekki fram hjá okkur fara heldur keyra fyrir fjörðinn og finna þetta fyrirbæri. Þegar komið var að rótum fjallsins sást nú ekkert í þessa leyndu hólur og var þá brugðið á það ráð að skoða mynd sem tekin var hinum megin við fjörðinn og finna þannig leið að munnanum. Þegar upp var komið komu í ljós þessi myndarlegu göng, en hér var um að ræða surtarbrandsnámu frá tímum fyrri heimsstyrjaldar í Dufansdalsnúpi í Arnarfirði. Hægt var að ganga töluverðan spotta inn í göngin en nauðsynlegt er að hafa með sér ljós. Surtarbrandur eru leifar ævaforrnra skóga á Íslandi sem samanpressaðar plöntuleifar og var notað sem eldsneyti þó lélegt sé. Ef einhverjir verða þarna á ferð næsta sumar mælum við með að fólk láti þetta ekki frá sér fara.

Sigurður Benediktsson



Þessir fjallmyndarlegu tannlæknar  
taka sig vel út, Ólafur Páll Jónsson og  
Ólafur Hans Grétarsson

## Félagsfundur í TFÍ fimmtudaginn 14. janúar 2010.

Fundarstjóri var skipaður Stefán Hallur Jónsson. Formaður, Sigurður Benediksson, óskaði Ingu Bergmann Árnadóttur til hamingju með stöðuhækkun hjá Háskóla Íslands. Inga er fyrsta konan sem varð deildarforseti við Tannlæknadeild HÍ og hefur nú fengið frangang sem prófessor.

Formaður upplýsti að rekstur tannlækningastofa hafi þyngst. Aðföng hafa hækkað gríðarlega. Tryggingagjald er nú 8,65% en var 5,34%. Tryggingagjald er skattur á öll laun tannlæknis og starfsfólks og er skattur á allt mótramlag í lífeyrissjóð sem tannlæknar greiða. Virðisaukaskattur hefur aukist um 1%. Tekjuskattur og skattur á félög hefur hækkað. Reiknað endurgjald Ríkisskattstjóra er hið sama sama og árið 2009, kr. 595.000 auk hlunninda sem kunna að vera.

Formaður kynnti fjórar nýjar reglugerðir sem birtust í lok síðasta árs. Þessar reglugerðir voru ekki kynntar tannlæknum. Glöggur tannlæknir rakst á þær í Stjórnartíðindum og sagði formanni frá þeim. Reglugerðirnar eru eftirfarandi:

- Reglugerð nr. 1058, 21. des. 2009 um endurgreiðslu sjúkratrygginga á kostnaði vegna þjónustu sérfræðinga í tannréttinum.

- Reglugerð nr. 1059, 21. des. 2009 um gjaldskrá SjTr fyrir tannréttingar.

- Reglugerð nr. 1060, 22. des. 2009 um aukna þáttöku SjTr í tannlæknakostnaði vegna alvarlegra fæðingargalla, sjúðóma aða slysa. Reglugerðin fjallar um réttindi fólks sem koma til með að fá endurgreitt eftir 1. jan. 2010.

- Reglugerð nr. 1061, 22. des. 2009 um aukna þáttöku - aukaendurgreiðslu - SjTr í tannlæknakostnaði vegna alvarlegra fæðingargalla, sjúðóma aða slysa. Reglugerðin fjallar um réttindi fólks sem fékk meðferð á árunum 2008 og 2009. Reglugerðin gildir í mánuð. SÍ sendir bréf til þeirra sem eiga rétt. Fólk þarf að sækja um.

Formaður telur að reglugerðirnar tvær nr. 1060 og nr. 1061 séu „samviskubitsreglugerðir“ frá stjórnvöldum vegna afgangis af fjárlögum fyrri ára. Stjórnvöld hafa samviskubit vegna þess hve ráðherra gjaldskrá er lág og hve lítið hefur verið endurgreitt undanfarin ár. Með reglugerðunum tveim er stjórnvöld að viðurkenna eigið óréttlæti. Að endurgreiðsluskrá Ráðherra ætti að vera amk. 60% hærri árin 2008 og 2009 og amk. 70% hærri árið 2010.

Þeir sem helst njóta aukins styrks eru börn með skarð í vör og góm. Útreikningarnir eru svo flóknir að bara SjTr geta reiknað út upphæð endurgreiðslanna. Formaður spyr. Af hverju er ekki fólk bara borgað fólk strax, því að SjTr hafa allar upplýsingarnar í tölvum sínum. Einhverjir réttahafar munu missa af styrknum vegna skriffinnskunnar.

Kristín Heimisdóttir ræddi um Tannréttingareglugerðirnar tvær nr. 1058 og 1059. Kristín greindi einnig frá fundi tannréttara og frá fundi fulltrúa tannréttara með SjTr fyrr í vikunni. Réttarar eru mjög ósáttir við reglugerðirnar tvær nr. 1058 og nr. 1059 og telja að erfitt verði að vinna eftir þeim. Mikil skriffinnska fylgir umsóknunum til SjTr. Rökstyðja skal „læknisfræðilega þörf fyrir meðferð“ og gera skal grein fyrir árangri „sem stefnt er að fyrir meðferðinni“. Undirskrift umsóknar jafngildir því að tannréttarinn samþykki reglugerðirnar. Kristín álitur að undirskrift á umsókn sé sama og samningur, því að á umsóknareyðublaðinu stendur: „Undirskrift tannlæknis og samþykki sbr. 3. mgr. 4 gr. reglugerðar nr. 1058/2009“. Réttarar álíta reglugerðirnar tvær vera tilskipanir, valdboð og frekju. SjTr ákveða hvort meðferð sé læknisfræðilega nauðsynleg. Hver á að túlka þetta og við hvaða rannsóknir á að styðjast? Það þarf að sækja um meðferð áður en hún hefst, annars fellur réttur, sjúklings niður. Tannréttarar tóku með sér Áslaugu Árnadóttur lögfræðing á fundinn með SjTr. Kristín telur að samstaða allra

félagsmanna sé mikilvæg og sú vinna sem réttarar væru í núna myndi koma öllum félagsmönnum til góða síðar.

Formaður greindi frá vinnu starfshóps um bættu tannheilsu barna og unglunga. Tveir fundir hafa verið haldnir. Nefndarmenn hafa samskipti á netinu og búið að stofna undirhópa. Viðfangsefnið er þrjúþætt:

1. Heimtur barna og unglunga í tannskoðun: Stjórnvöld verða að gera betur til þess að ná til þeirra barna sem ekki fara reglulega til tannlæknis. Markmiðið eru 90 % heimtur. Öll börn hafi skráðan heimilistannlækni. Verið er að móta kerfi með heilsu-gæslunni. Skráning og endurinnköllun væri minna mál ef allir aldursflokkar ættu sama rétt um ókeypis forvarnarskoðun. Erfiðast er að halda utan um skráninguna á höfuð-borgarsvæðinu því að þar eru margir tannlæknar. Ekki þarf flókið kerfi á stöðum þar sem eru fáir tannlæknar. Þar ganga hlutirnir sjálfkrafa.

**2. Forvarnir:** Prímerar, sekunderar og tertíerar forvarnir. Einn undirhópurinn vinnur að því að finna út hvernig best yrði unnið með heilsugæslunni og hvernig best væri komið fyrir forvörnum utan tannlækningastofu, í skýrslunni „Leiðbeiningar um varnir gegn tannáttu á Íslandi“ (útg. Landlæknisembættið 2005). er í kafla 2.1 fjallað um reglulegt eftirlit tannlæknis og um hvernig ákvarða ætti tímabil milli skoðana hjá tannlækni. Hópurinn hefur skýrsluna til hliðsjónar. Hugmynd er um að skipta börnum í þrjá áhættuhópa.

**3. Samskipti** við S.Í. Það er slæmt að lög um sjúkratryggingar nr.112/2008 geri ráð fyrir því að semja skuli við einstaka tannlækna en að ekki skuli samið við félagið – TFÍ sem heild. Þetta að býður upp á árekstra. Það er mat hópsins að þeir einstaklingar sem eru við slæma tannheilsu verði að eiga úrræði. Tillaga hópsins er að fátæk börn geti sótt um styrk einu sinni til að koma tyggingarfærum í lag.

Viðburðir: Tannverndarvika verður 1.- 5. febrúar 2010. Athygli er beint að tannvernd barna. Föstudag og laugadag 12. og 13 mars verða skíða- og fræðsludagar á Akureyri.

Í lok fundar sté Magnús Ragnar Gíslason í pontu og hvatti félagsmenn til þess að láta meira í sér heyra um tannvernd og að skrifa greinar í blöðin um tannverndarmál.

17. jan. 2010

Börkur Thoroddsen



Á félagsfundum

f.v. Helga, Marta, Sonja, Erna Rún og Jóhanna.

## Tannlæknafélag Norðurlands kynnis: Fræðsla og skíði á Akureyri fyrir tannlækna 12.-13. mars 2010

<b>Fös 12. mars</b>	<b>09:00-12:30</b>
08:30 -09:00	Skráning
09:00-10:00	Hólmgímur Bjarnason endurskoðandi: Skattaumhverfi 2010: vangaveltur, spurningar og svör.
10:00-11:00	Jón Ólafur Sigurjónsson tannlæknir Tannplantar í tannlausa einstaklinga.
10:45-11:15	Kaffi
11:15-12:30	Gunnlaugur Rósarsson tannlæknir Praktískar tannholdslækningar
Matur	
14:00-18:00	Skíði eða eitthvað annað skemmtilegt.
18:00	Félagsfundur TFÍ á Hótel KEA
19:30	Út að borða saman

### Lau 13.mars 09:00-13:00

09:00-09:45	Teitur Jónsson tannlæknir Bitþróun-nýjustu rannsóknir
09:45-10:00	Kaffi
10:00- 13:00	Ásgeir Sigurðsson tannlæknir Trauma (eitt gott hlé um miðjan fyrirlesturinn)
13:00	SLIT

### Veit punktar verða veittir.

Vinsamlegast skráið ykkur á: [tannlaeknafelagnordurlands@gmail.com](mailto:tannlaeknafelagnordurlands@gmail.com) fyrir 18.febrúar.

Þátttökugjald er kr. 20000.

### Styrkir úr vísindasjóði TFÍ

Auglýst er eftir umsóknum um styrk úr Vísindasjóði TFÍ.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja rannsóknir og stuðla að vísindastörfum á sviði tannlæknisfræði á Íslandi.

Reglur sjóðsins kveða svo á um að styrkbeiðni séu gjaldgengar frá öllum tannlæknum og öðrum vísindamönnum til tiltekinna verkefna, greiðslu kostnaðar við rannsóknir og útgáfu á ritverkum á sviði tannlæknisfræða hér á landi.

Í umsóknum skal greina frá því viðfangsefni sem óskað er eftir styrk til, áætlunum um kostnað og tímalengd rannsóknar og fjárframlögum frá öðrum til verksins. Að jafnaði veitir sjóðurinn ekki fé til tækjakaupa.

Að öðru jöfnu skal sá hafa forgang sem hefur ekki fengið úthultun úr sjóðnum áður.

Félagsmönnum, sem vinna að rannsóknarverkefnum, er bent á að hægt er að sækja um styrk úr sjóðnum og er umsóknarfrestur til 1. júní 2010.

### Til sölu eða leigu tannlæknastofa í Færeyjum

Tannlæknastofan er fullbúin tækjum í tveimur vinnuherbergjum. Stofan er staðsett í bænum Fuglafirði en þar búa um 1.500 manns. Möguleiki er á því að stækka stofuna um tvö vinnuherbergi til viðbótar. Skrá yfir viðskiptavinum með um 1.600 föstum viðskiptavinum er til staðar á stofunni.

Jafnframt hefur stofan virkan þjónustusamning við bæjarfélagið um umsjón tannhirðu um 400 barna á aldrinum 1-15 ára.

Hagnaður af rekstri stofunnar hefur að jafnaði verið verulegur og góðir möguleikar eru á að auka hagnað enn frekar.

Nánari upplýsingar verða gefnar í símanúmeri +298 595333 eða með tölvupósti í netfanginu [josh@kallnet.fo](mailto:josh@kallnet.fo)